

Fundargerð 114. fundar stjórnar SSNV, 5. nóvember 2024

Þriðjudaginn 5. nóvember 2024, kom stjórn SSNV saman á Sauðárkróki. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Álfhildur Leifsdóttir sat fundinn á Teams.

Formaður óskaði eftir að bæta lið um endurskipun fulltrúa í fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar á dagskrá og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Farsæld barna – ráðningarferli
2. Minnisblað um lífúrgang
3. Samningur um sóknaráætlun
4. Skipting framlaga til sóknaráætlana milli landshluta
5. C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða
6. Endurskipun fulltrúa í fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar
7. EIMUR
8. Opinn fundur HMS
9. Haustfundur atvinnuþróunarfélaganna
10. Yfirferð á samþykktum á SSNV
11. Uppbyggingarsjóður SSNV
12. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
13. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

- 1. Farsæld barna – ráðningarferli**

Samningur um ráðningu verkefnisstjóra sem leiða mun undirbúning að stofnun svæðisbundins farsældarráðs á Norðurlandi vestra var undirritaður 10. október 2024 af Ásmundur Einari Daðasyni, þáverandi mennta- og barnamálaráðherra, og framkvæmdarstjóra SSNV. Um er að ræða starf til tveggja ára sem ætlað er að vinna að markmiðum samnings Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra við ráðuneyti mennta- og barnamála.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja ráðningarferli í samstarfi við ráðningarstofu.
- 2. Minnisblað um lífúrgang**

Minnisblað um valkosti í meðferð lífúrgangs á Norðurlandi vestra unnið af Stefáni Gíslasyni lagt fram til kynningar. Góðar umræður stjórnar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma á rafrænum kynningarfundum sem fulltrúum sveitarfélaga verður boðið á.
- 3. Samningur um sóknaráætlun**

Samningur sóknaráætlunar 2025-2029 lagður fram til kynningar.

Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að skrifa undir fyrir hönd SSNV.

4. Skipting framlaga til sóknaráætlana milli landshluta

Lagt fram til kynningar framlag ríkisins sem byggir á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 og er sett fram með fyrirvara um samþykkt þeirra. Samanlögð framlög ráðuneytanna.

Framlag ríkisins sem tillagan miðar við byggir á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 og er sett fram með fyrirvara um samþykkt þeirra.

Samantöl framlög ráðuneytanna eru 745,7 m.kr. og skiptast þannig:

- 432,1 m.kr. frá innviðaráðuneyti, af fjárlagalið 10-701 1.15.
- 223,6 m.kr. frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, af fjárlagalið 16-295 1.21.
- 90 m.kr. frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, af fjárlagalið 14-190 1.90.
- Þessu til viðbótar verður óskað eftir samtals 10 m.kr. framlagi af byggðáætlun annars vegar og frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hins vegar.
- **Heildarframlagið árið 2025, með fyrirvara, verður þannig samtals 755,7 m.kr.** Sem er tæpum 26 m.kr. lægra en árið 2024.

	Upphæð 2024	Hlutdeild 2024	Upphæð 2025	Hlutdeild 2025	Mismunur	Hlutf. breyting	Munur á hlutdeild
Vesturland	98.732.123	12,6%	92.416.340	12,2%	-6.315.783	-6,4%	-0,4 %
Vestfirðir	107.286.266	13,7%	105.822.456	14,0%	-1.463.810	-1,4%	+0,3 %
Norðurland vestra	104.888.742	13,4%	95.881.524	12,7%	-9.007.218	-8,6%	-0,7 %
Norðurland eystra	127.933.731	16,4%	118.931.491	15,7%	-9.002.240	-7,0%	-0,6 %
Austurland	104.266.283	13,3%	106.995.515	14,2%	2.729.232	2,6%	+0,8 %
Suðurland	113.457.371	14,5%	111.944.174	14,8%	-1.513.197	-1,3%	+0,3 %
Suðurnes	95.035.483	12,2%	90.708.501	12,0%	-4.326.982	-4,6%	-0,2 %
Höfuðborgarsvæði	25.000.000	3,2%	28.000.000	3,7%	3.000.000	12,0%	+0,5 %
Umsóknagáttin	5.000.000	0,6%	5.000.000	0,7%	0	0,0%	+0 %
Samtals	781.600.000	100,0%	755.700.001	100,0%	-25.899.999	-3,3%	

Stjórn lýsir áhyggjum yfir hversu mikið framlög til Norðurlands vestra lækka, sérstaklega með tilliti til stöðu landshlutans hvað varðar hagvöxt og íbúapróun.

5. C.1 Sértaek verkefni sóknaráætlanasvæða

Opnað er fyrir umsóknir um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða fyrir árið 2025.

Umsóknarfrestur er til miðnættis miðvikudagsins 22. janúar 2025.

Landshlutasamtök sveitarfélaga geta í samstarfi við haghafa í hverjum landshluta sótt um framlög í samkeppnissjóð vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna verkefnið og styðja áfram vel við sveitarfélögin.

6. Endurskipun fulltrúa í fagrað atvinnuþróunar og nýsköpunar

Stjórn skipar Jón Örn Stefánsson sem fulltrúa Húnabyggðar í stað Erlu Gunnarsdóttur.

7. EIMUR

- Stjórn skipar framkvæmdastjóra SSVN sem aðalman í stjórn Eims og til vara formann stjórnar SSVN.
- Minnisblað stjórnarformanns Eims langt fram til kynningar.

8. Opinn fundur HMS

Opinn fundur HMS í samstarfi við SSVN haldinn á Sauðá 13.11.2024. Lagt fram til kynningar.

9. Haustfundur atvinnuþróunarfélaganna

Haustfundur atvinnuþróunarfélaga verður haldinn í Valaskjálfi 7.-8. nóvember nk. Lagt fram til kynningar.

10. Yfirferð á samþykktum á SSVN

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar SSVN 7. maí og 3. september 2024. Framkvæmdastjóra og stjórn er falið að vinna málið áfram samkvæmt umræðu fundar.

11. Uppbyggingarsjóður SSNV

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir verkefnastjóri hjá SSNV kom til fundar og kynnti niðurstöður um fjölda umsókna í Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra; alls bárust 130 umsóknir, sem er aukning um 26% frá fyrra ári. Þar af voru 50 umsóknir í flokk atvinnu- og nýsköpunar, 69 í flokk menningarverkefna og 11 í flokk stofn- og rekstrarumsókna. Framundan er að fara yfir hvort eitthvað vantar í umsóknir, og umsækjendur munu hafa tvo virka daga til að bæta úr þeim vanköntum sem kunna að vera. Starfsmenn SSNV eru nú að undirbúa gögn fyrir úthlutunarnefnd og fagraðin, sem funda næstkomandi fimmtudag. Stjórn fagnar miklum áhuga.

12. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSA, 13. september 2024. [Fundargerðin](#). Stjórn SSH, 28. október 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSH, 21. október 2024. [Fundargerðin](#). Stjórn SSH, 7. október 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn SASS, 4. október 2024. [Fundargerðin](#).

Markaðsstofa Norðurlands, 18. október 2024. [Fundargerðin](#).

Stjórn Vestfjarðarstofu, 25. september 2024. [Fundargerðin](#).

b. Umsagnir

[Framlög til atvinnuráðgjafar](#)

13. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:05.

Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir,
Magnús Magnússon,
Guðmundur Haukur Jakobsson,
Halldór Gunnar Ólafsson,
Katrín M. Guðjónsdóttir